

**JÓN KARL ÓLAFSSON,
FORMAÐUR VERSLUNARRÁÐS ÍSLANDS**

RÆÐA Á VIÐSKIPTAÞINGI 8. FEBRÚAR 2005

Forsætisráðherra, sendiherrar, fundarstjóri, Verslunarráðsfélagar og aðrir gestir.

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll hjartanlega velkominn á Viðskiptaþing 2005. Það er mjög ánægjulegt að sjá svo marga hér – þetta er eitt fjölmennasta og glæsilegasta Viðskiptaþing til þessa. Viðskiptaþing Verslunarráðsins hafa á undanförunum árum skapað sér sess sem vettvangur umræðna og skoðanaskipta um nýjar hugmyndir og við stefnum ótrauð að því að halda því starfi áfram.

Róttækar áður en sjálfsagðar nú

Verslunarráð Íslands hefur í áratugi einbeitt sér að því kynna hugmyndir, sem geta og hafa stuðlað að framförum í íslensku atvinnulífi. Sumar þessara hugmynda þóttu róttækar hér áður fyrr, en þykja nú sjálfsagðar. Oft hafa hugmyndir Verslunarráðs kallað fram harða gagnrýni í þjóðfélaginu, eins og gjarnan gerist þegar kynntar eru róttækar breytingar á einhverju sem lengi hefur viðgengst. Hugmyndirnar hafa hins vegar nánast undantekningarlaust hrundið af stað opinberri umræðu og komið nörgum þörfum málefnum á dagskrá.

Þegar ráðið ræddi fyrst hugsanlega stofnun kauphallar á Íslandi á fyrrihluta síðustu aldar þóttu þær hugmyndir róttækar og jafnvel fráleitar. Sömu sögu var að segja þegar Verslunarráðið kynnti hugmyndir um stórfellda einkavæðingu í byrjun níunda áratugar síðustu aldar.

Þessar hugmyndir og margar fleiri hafa litið dagsins ljós og við getum litið stolt til baka á þau verkefni sem viðskiptalífið hefur sett á oddinn – framfaramál sem hafa skilað bættum lífskjörum fyrir allan almenning í landinu. Árangur í efnahagslífinu undanfarin ár og áratugi er einstakur og það er enginn efi í mínum huga, að hann má rekja til þess, að þjóðin hefur þorað að leysa úr læðingi þann kraft sem felst í auknu svigrúmi fyrir einstaklinga til athafna.

Vörumst andvaraleysi

Um leið og við fögnum árangri undangenginna ára og áratuga ber að varast stöðnun og andvaraleysi. Það er einmitt á slíkum tímum, miklu blómaskeiði á mörgum sviðum, sem andvaraleysis kann að gæta ef ekki er vel að gætt. Því miður virðist útpensla ríkisbáknsins um þessar mundir vera hugsanlega ein afleiðing góðæris. Við sláum sífellt nýtt heimsmet í ríkisútgjöldum. Þrátt fyrir sölu ríkisfyrirtækja á undanförunum árum, virðist fyrirtækjum og stofnunum í eigu ríkisins stöðugt vera að fjölga og oft má ætla að ríkið sé sífellt að hasla sér völl á nýjum sviðum.

15% landið Ísland

Á Viðskiptaþingi í fyrra kynnti Verslunarráð Íslands ýmsar nýjar hugmyndir um minni ríkisumsvif og sparnað í ríkisrekstri. Núna beinum við sjónum okkar hins vegar að tekjuhliðinni í ríkisrekstrinum.

15% landið Ísland er yfirskrift Viðskiptaþingsins í ár og vísar til hugmynda Verslunarráðs um að Ísland skipi sér í raðir framsæknustu þjóða í heimi á sviði skattamála. Hugmyndir okkar snúa að því að bjóða einfalt og skiljanlegt skattkerfi sem hvetur alla menn til dáða en letur þá ekki.

Í viðjum vanans í skattamálum

Umræður um skattamál undanfarin ár hafa verið mjög föst í viðjum vanans. Það má segja að skattaumræðan hér hafi haft sömu einkenni og höfundur rúmlega vikugamals Reykjavíkurbrefts sagði almennt einkenna umræður hérlendis. Þar segir að umræður hafi ríka tilhneigingu til að snúast upp í tilgangslaust karp um formsatriði í stað skoðanaskipta um innihald og þær verði því gjarnan rifrildi um aukaatriði, fremur en að sjónum sé beint að kjarna málsins.

Einföldum íslenskt skattkerfi

En hver er þá kjarni málsins í skattatillögum Verslunarráðs? Grunnhugmyndin að baki tillögum okkar í skattamálum er að einfalda verulega íslenskt skattkerfi. Að mati ráðsins á umræða um aðgerðir í skattamálum, að miðast við það að einfalda kerfið og gera það skýrara, en alls ekki að flækja það enn frekar. Styrkur lítils lands eins og Íslands liggur meðal annars í því að hér eru boðleiðir stuttar og embættismannakerfið er lítið og tiltölulega skilvirkt. Ísland getur og á því að bjóða upp á gott og einfalt skattkerfi, þar sem skatthlutföll eru lág, reglur eru gegnsæjar og undanskot óveruleg. Að þessu er stefnt með skýrslu Verslunarráðs Íslands til Viðskiptaþings 2005.

Fátækragildran

Kjarni þeirra hugmynda, sem kynntar eru hér, er líka sá að draga úr hinum svokallaða jaðarskatti þ.e. því hlutfalli af viðbótarlaunum sem hið opinbera dregur af launamanni í formi hærri skatta eða lægri bóta. Í tillögum Verslunarráðs er miðað við að jaðarskattar verði aldrei hærri en sem nemur rúmum 3 krónum af hverjum 10 viðbótarkrónum í launum. Þetta hlutfall er í dag allt að 6 krónur af hverjum 10 sem lág- og meðaltekjufólk vinnur sér inn. Háir jaðarskattar þýða með öðrum orðum að einstaklingar er hnepptir í fátæktargildru, sem mjög erfitt getur verið að brjótast út úr. Á þessu vill viðskiptalífið taka af festu og leysa úr læðingi kraft sem við fáum ekki notið vegna þungrar jaðarskattbyrði.

Það er alveg ljóst að þessi gildra er staðreynd í dag og flestir stjórnendur fyrirtækja hafa orðið varir við og kunna sögur sem staðreyna þetta. Starfsmenn hafa jafnvel ekki áhuga á eftirvinnu – viðkvæðið er að þetta fari hvort sem er allt í skattinn! Í nýgerðum kjarasamningum kom fram í viðræðum við starfsfólk að það hefur áttað sig vel á þessum vanda – hjá stórum hópi þeirra fer of stór hluti kjarabóta í hærri skatta. Það þarf að breyta þessu – besta kjarabótin er að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga.

(Stöplariði um áhrif lækkunar tekjuskatta fyrirtækja)

Ein afdrifaríkasta aðgerð ríkisstjórna síðustu ára var lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18%. Þetta hefur haft það í för með sér, að fyrirtæki kjósa í auknum mæli að hafa bækistöðvar sínar hér á Íslandi. Landið okkar er vel samkeppnishæft við önnur lönd, lega þess er áhugaverð og samgöngur til og frá landinu eru mjög góðar. Þrátt fyrir þessa lækkun á prósentu, hafa tekjur ríkisins aukist verulega. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja er því líklega einhver farsælasta og áhrifamesta aðgerð, sem íslensk stjórnvöld hafa staðið fyrir í skattamálum í áratugi.

Nú þegar hefur verið ákveðið að halda áfram á þessari braut með lækkun skatthlutfalla á einstaklinga, lækkun erfðafjárskatts og afnámi eignarskatts. Verslunarráð Íslands fagnar mjög þessum aðgerðum.

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar hafa að mörgu leyti fengið furðulegar móttökur og efasemdaraddir hafa hljómað. Rætt hefur verið um að tímasetning skattalækkananna sé óheppileg vegna mögulegra þensluáhrifa. Þá eru sumir sem telja að með lækkun skatta, sé hugsanlega vegið að íslensku velferðarkerfi. Verslunarráð telur hins vegar að fyrirhugaðar skattalækkanir séu mjög vel ígrundaðar og komi til framkvæmda þegar dregur úr þenslu hérlendis. Hvað áhrif á íslenskt velferðarkerfi varðar, er mikilvægt að hafa í huga, að helsta ógnin sem steðjar að því eru ekki of lágir skattar. Vandinn er miklu fremur þunglamalegt ríkiskerfi, sem hefur þanist út á síðustu árum, án þess að gæði þjónustunnar eða magn hafi aukist að sama skapi !

15% skattar

Verslunarráðið telur, að lækka megi skatta enn frekar og að slík lækkun geti stuðlað að auknum skatttekjum, eins og nýleg dæmi sanna. Íslensk stjórnvöld eiga að stefna að því að einfalda skattkerfið og kynna Ísland sem eitt af forystulöndum í heiminum, sem býður upp á flatan, einfaldan skatt.

Verslunarráðið hefur metið kostnað við þessar tillögur um 15% flata skatta. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að skoða heildarmyndina og meta hvað tillögurnar fela í sér þegar á allt er litið. Það er ljóst að þessar tillögur verða ekki að raunveruleika yfir nótt. Sem dæmi má nefna að Eistlendingar hafa komið á flötu skattkerfi hjá sér. Þar hafa skatthlutföll lækkað um 2% á ári í nokkur ár og kann það að vera hyggileg leið. Slíkt gefur okkur einnig tækifæri til að aðlaga efnahagslífið að þessum breytingum.

Eðlilegt er að reyna að meta hvað ýrtruðu hugmyndirnar um 15% skatt þýða fyrir afkomu ríkissjóðs. Tillögur ráðsins miðast við, að stefnt verði að því að fella niður ýmsa afslætti, styrki, endurgreiðslur og bætur. Þá er einnig lagt til að skoðuð sé gaumgæfilega hugsanleg breikkun virðisaukaskattsstofnsins. Þá er ekki óeðlilegt að reikna með, að verulega lækkuð skatthlutföll dragi úr undanskotum undan sköttum. Gert er ráð fyrir, að undanskot geti svarað til 2-3% af landframleiðslu. Það er einnig ljóst, að lægri hlutföll munu auka mjög veltu í efnahagslífinu. Það er mat ráðsins, að heildarkostnaður við þessar tillögur geti verið á bilinu 25-30 milljarðar króna á ári að teknu tilliti til þessarra þátta. Til að setja þetta í samhengi, er rétt að hafa í huga, að ríkisútgjöld hérlendis hafa aukist um svipaða fjárhæð á síðustu þremur til fjórum árum. Verslunarráð telur því, að skapa megi alvöru hvata hjá stjórnvöldum til að

vinna að sparnaði í ríkisrekstri. Ráðið hefur áður lagt fram margvíslegar tillögur í þeim efnum á síðustu misserum.

Höfn höfuðstöðva

Eitt veigamikið atriði í skýrslu Verslunarráðs til Viðskiptaþings eru hugmyndir um að efla Ísland sem höfn höfuðstöðva.

Íslensk fyrirtæki eru mörg orðin stór, jafnvel á erlenda mælikvarða. Sem dæmi má taka sum íslensku fjármálafyrirtækin, sem núorðið hafa verulegan hluta tekna sinna og starfsemi erlendis. Miðað við þróun síðustu ára er ekki óraunhæft að ætla, að hér muni á næstu árum starfa tvöfalt eða þrefalt fleiri einstaklingar á fjármálamarkaði en nú er - einstaklingar, sem sinna margvíslegri fjármálaþjónustu á alþjóðavettvangi. Þetta þarf þó hins vegar ekki að eiga aðeins við um fjármálageirann. Dæmi má einnig taka af íslenskum flugfélögum, sem eru nú þegar orðin mjög alþjóðleg. Þau flytja í dag um 7,5 milljónir farþega á ári og rúmlega 600 þúsund tonn af frakt. Við erum líklega ein mesta flugþjóð heims sé miðað við hina frægu höfðatölu. Á þessum markaði eru einnig mörg sóknarfæri og hér kunna að starfa tvöfalt fleiri starfsmenn flugfélaga innan fárra ára en nú er.

Sömu sögu má segja um mörg önnur íslensk útrásarfyrirtæki. Flest þessara fyrirtækja kjósa vonandi áfram að vera íslensk fyrirtæki þrátt fyrir þessa þróun í tekjuöflun. Við verðum að gera það sem í okkar valdi er, til að tryggja að þau haldi höfuðstöðvum sínum hér á landi. Menningarleg og félagsleg tengsl Íslendinga sín á milli og jákvætt viðhorf erlendis til Íslands gera það vonandi að verkum, að íslensk útrásarfyrirtæki sjái í því tækifæri umfram galla að eiga áfram hér á landi höfuðstöðvar sínar. En líkt og á við um aðdráttarafl fyrir erlendar fjárfestingar og erlenda starfsemi, þá dregur góð stemning fyrir landinu ekki nógu langt ein og sér. Þess vegna telur Verslunarráð það mjög mikilvægt, að allir geri sér grein fyrir því, hvað það er í samfélaginu og efnahagslífinu, sem gerir útslagið þegar fyrirtæki velur höfuðstöð sinni stað.

Eignarhaldsfélögin heim

Við höfum í nokkrum mæli misst eignarhaldsfélög úr landi vegna skattamála. Erlend eignarhaldsfélög í eigu Íslendinga eru ekki færri en 200 talsins í dag. Við þurfum að leita svara við því, af hverju þróunin er með þessum hætti. Það á að vera keppikefli atvinnulífs og stjórnvalda að snúa þessari þróun við og gera umhverfið það aðlaðandi, að eignarhaldsfélögin snúi aftur hingað. Með einföldum breytingum í skattamálum, sem kynntar eru hér í skýrslu ráðsins til Viðskiptaþings, eigum við og getum snúið þessari þróun við.

II.

Menntamál í brennidepli

Verslunarráð Íslands hefur unnið margháttað brautryðjendastarf í menntamálum - starf sem við erum mjög stolt af. Árið 2005 er merkilegt ár í skólasögu ráðsins. Í fyrsta lagi verður Verzlunarskóli Íslands 100 ára á árinu. Þessi skóli hefur verið í fararbroddi menntunar fólks í viðskiptalífinu um mjög langt skeið og starfsfólk skólans hefur staðið sig frábærlega í því að gera skólann að mikilvægri uppeldisstöð fyrir íslenskt viðskiptalíf. Það er engin tilviljun, að margir helstu forkólfar íslensku

stórfyrirtækjanna eru gamlir Verslingar, og það er örugglega heldur ekki tilviljun, að hundruð leiðandi fyrirtækja hérlendis og erlendis, eru annað hvort í eigu fyrrum nemenda, eða hafa valið fyrrum nemendur Verzlunarskólans til að gegna ábyrgðarstörfum í fyrirtækjunum. Verslunarráð Íslands óskar Verzlunaskólanum allra heilla á afmælisári. Ýmsar uppákomur eru fyrirhugaðar í tilefni afmælisins og mun Verslunarráðið taka þátt í þeim hátíðarhöldum.

Sterkur sameinaður háskóli

Þá mun samruni Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík halda áfram og eru miklar væntingar til þessa nýja skóla. Þarna munu skapast gríðarlega mörg ný og áhugaverð tækifæri til að styrkja enn frekar menntun á háskólastigi. Það var mikil framsýni af hálfu menntamálaráðherra að beita sér fyrir sameiningu þessara skóla. Í stjórn skólans sitja 7 einstaklingar sem allir eru starfandi í íslensku atvinnulífi með einum eða öðrum hætti. Þessi beinu og afgerandi tengsl fólks úr atvinnulífinu og skólans eru gríðarlega mikilvæg. Verslunarráð Íslands verður leiðandi afl í þessum nýja skóla eins og ráðið hefur verið í starfi Háskólans í Reykjavík.

Hinn nýi skóli mun stöðugt leita nýrra tækifæra á öllum sviðum, hvort sem verður á sviði útrásar, á sviði tæknimenntunar og frumkvöðlastarfs í tengslum við stóriðju, matvælaíðnað eða sjávarútvegs. Hann mun stefna að eflingu kennara- og verkfræðimenntunar. Starf hans mun hvetja til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi á öllum sviðum. Tækifærin eru mýmörg og ég treysti vel hinum nýja skóla til að mæta nýjum tímum.

Um leið og einkaskólarnir sýna mátt sinn, eigum við að nota tækifærið til þess að hvetja Háskóla Íslands til dáða. Háskóli Íslands er að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægur fyrir íslenskt þjóðlíf og verður það um ókomin ár. Það má þó segja að hann sé í mörgu eins og gamall ríkisbanki, með merka sögu, en pólitískt skipað bankaráð og þunga stjórnsýslu. Það er þörf á breytingum í Háskóla Íslands, sem einkaskólarnir ýta sannarlega við en íslenskt viðskiptalíf er einnig reiðubúið að koma að því verkefni eins og unnt er.

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu háskólanáms hérlendis og aukna samkeppni á því sviði, á það áfram að vera forgangsverkefni, að sem flestir Íslendingar stundi hluta framhaldsnáms erlendis. Það hefur sýnt sig, að þetta unga fólk hefur komið heim með nýjar hugmyndir að utan, sem hafa nýst þjóðfélaginu vel. Við megum alls ekki missa sjónar á þessu.

Verslunarráðið telur auk þess, að mikil tækifæri séu í auknum einkarekstri á grunnskólastigi, sem geti aukið samanburð og samkeppni milli skóla og sveitarfélaga og þannig bætt menntun ungra Íslendinga.

III.

Lagasetning á viðskiptalífið

Verslunarráð Íslands hefur barist hatrammlega gegn hugmyndum um frekari lagasetningu á stjórnarhætti í viðskiptalífinu og **leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja** voru tilraun viðskiptalífsins til að sýna fram á hvers megnug við erum til að bæta starfsumhverfi okkar sjálfra. Reynslan af því virtist vera góð.

Það urðu okkur því mikil vonbrigði, þegar rétt tæpum 180 dögum eftir að þessar leiðbeiningar voru kynntar, komu fram drög að lagafrumvörpum um sama efni og meira til. Veikleiki lagasetningar kom þó fljótlega í ljós, þar sem ljóst var að margvíslegar reglur um stjórnarhætti áttu einnig að ná til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samkvæmt drögunum átti sem dæmi að skilyrða lítið fyrirtæki með fjóra hluthafa eða fleiri til að gera eftirfarandi:

Ræða starfskjör framkvæmdastjóra á hverju ári, upplýsa um frambjóðendur til stjórnar á skrifstofu félagsins tveimur dögum fyrir aðalfund og þeir sem eiga 10% hlut eða meira geta höfðað skaðabótamál í nafni félagsins eða krafist rannsóknar á félaginu. Og samkvæmt þessum frumvarpsdrögum má stjórnarformaður í litlu bakaríi með fjóra hluthafa ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið !

Verslunarráð varar við því að feta þessa leið að auknu regluverki á íslenskt athafnalíf. Þegar spurt er af hverju þessar hugmyndir um strangari reglur koma fram, þá hefur verið spurt á móti - **því skyldum við ekki setja reglur?** Viðskiptalífið vill frekar að við spyrjum um umfang vandans og þá hvort **setja þurfi reglur**. Því miður hefur tilhneiging löggjafans verið í þessa átt og settar hafa verið á laggirnar nefndir sem falið er að skoða mál, án þess að fyrir liggi að vandamál sé til staðar. Nefndirnar hafa síðan tilhneingingu til þess að leita upp ströngustu reglurnar á hverju sviði. Nefndin um viðskiptalífið fann samkeppnisreglur frá Noregi, sem hvergi annarstaðar eiga sér samsvörun og hún fann reglur um starfandi stjórnarformenn í Danmörku, sem ekki heldur eiga sér samsvörun annars staðar. Lagaákvæðið um stjórnaformanninn í Danmörku kom til útaf einu hneykslismáli og haft var eftir dönskum þingmanni að „**hann skildi svo sem ekki málið, en ekki gæti sakað að herða á reglunum**“.

IV

Ísland spennandi kostur

Ágætu gestir.

Undirbúningur fyrir þennan dag hefur farið fram undanfarna mánuði og hafa um tugir manna tekið þátt í honum, bæði félagar Verslunarráðsins og utanaðkomandi sérfræðingar. Kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir. Ég vil einnig fá að þakka starfsmönnum Verzlunarráðsins og þá sérstaklega Þór Sigfússyni, framkvæmdarstjóra fyrir frábært starf og samstarf á árinu. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir þinginu er innlegg í hugmyndabanka um skattamál hérlendis. Ég vona að hún verði þarft og árangursríkt innlegg í þá vinnu sem þarf að fara fram, til að Ísland sækir fram á fleiri sviðum og tryggi enn frekar samkeppnisstöðu sína.

Viðskiptaumhverfi okkar breytist ört og við viljum vera í fararbroddi í að bjóða hagkvæm skilyrði til atvinnurekstrar. Verði breyting þar á, mun lítil eyja með fáa íbúa fljótt verða ósamkeppnishæf. Við skulum ekki missa sjónar á þeim atriðum sem gera okkar litla fallega land samkeppnishæft gagnvart miklu stærri samfélögum, þeim atriðum sem gera Ísland að spennandi kosti fyrir vel menntað og framsækið athafnafólk og býr um leið í haginn fyrir betri lífskjör fyrir alla Íslendinga.

Takk fyrir.